

Fundargerð

21. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 22. febrúar 2022, á Zoom,

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, ~~Kári Steinn Karlsson~~, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, ~~Gunnar Svavarson~~, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 20. samþykkt. Skaði að þessi fundur sé ekki númer 22 í stað 21 enda er dags dato 22-2-22. Staðfestar rafrænar ákvarðanir stjórnar um HM utanvega og NM inni, sem afgreidd voru á milli funda.

2. Ársþing FRÍ

Farið yfir undirbúning og tímasetningar. Þingforsetar staðfestir. Formenn og nefndarmenn starfsnefnda á eftir að tilnefna en er í vinnslu. Undirbúningur hafin á skýrslu stjórnar og skýrslu un íþróttá- og afreksstarfið. Þingritarar þeir sömu og frá síðasta þingi, en þau tóku aftur að sér verkefnið, enda hafði önnur eins þinggerð ekki sést í áratugi. Umræða um keppnispassa og að passinn taki gildi árið 2023. Stjórn leggur þetta væntanlega fram á þingi til umræðu. Síðasta þing var sent út rafrænt, en núna er stefnt á "venjulegt" þingá Selfossi 25.3-26.3. Búið að senda út ítrekun til aðildarfélaga varðandi tímasetningar fyrir tillögur um laga- og reglugerðarbreytingar.

3. 75 ára afmæli FRÍ

Kynntar hugmyndir og verkefni fyrir afmælisárið. Ýmis verkefni rædd og varaformaður kynnti hugmyndir og tillögur sem hafa komið fram. Ýmis gögn tilbúin til birtingar, en „Heiðursmenn“ hafa safnað ýmsum sögulegum gögnum og bíða þau eftir nýju heimasíðunni.

4. Fjármál FRÍ

Gjaldkeri gerði grein fyrir að frágangur ársreiknings FRÍ og Frí ehf. sé í gangi og verður verkefnið klárað næstu daga. Umræða um fjármál og styrktaraðila, en það þarf að gera átak í þessum efnunum með hliðsjón af tekjubresti.

5. Önnur mál

A. Umræða um ÍF og samvinnu milli aðila. Má gera ráð fyrir að ársþingið fjalli um málið í tillöguformi.

B. Fundur frjálsíþróttasambanda Norðurlandanna. Framkvæmdastjóri sagði frá fundinum. Danir sögðu frá miklum fjárhagsvandræðum en Norðmenn bera sig vel. Svíar og Finnar ræddu ekkert um fjármálin hjá sér. Erfiðleikar víða í íþróttasamfélaginu í eftirköstum Covid.

C. HM innanhúss – Baldvin Þór mun keppa, en því miður kemst þjálfari ekki með honum. Rætt um hvernig á að taka á svona stöðu íþróttamanninum til heilla, en vissulega geta alltaf komið upp óvænt forföll.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45 með því að fundarmenn skoðuðu gamlar rafrænar myndir og rauluðu saman á rafrænan hátt.

Ritun fundargerðar: Guðlaug Baldvinsdóttir, frágangur ritari FRÍ.